

Mótun menntastefnu - megináherslur

Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Grundvallarhæfni: Félagshæfni

Öll börn geti vaxið og dafnað í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti og virðingu fyrir ólíkum lífsskoðunum.

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra. Í því felst til dæmis að kunna að deila og starfa með öðrum, hjálpa, hrósa og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagshæfni tengist meðal annars tilfinningalæsi, leiðtogaþæfni, réttlætiskennd og að geta sett sig í spor annarra.

Góð félags- og samskiptaþæfni er lykill að farsælli þátttöku í samfélaginu. Félagshæfni og samskiptaþæfni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig er mikilvægt að börn venjist á unga aldri

á að leika og læra í ólíkum hópum og fái tækifæri til að leysa úr ágreiningi á eigin forsendum og vinna að sameiginlegum lausnum.

Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Grundvallarhæfni: Sjálfsefning

Öll börn hafi trú á eigin getu og hafi náð árangri í skóla- og frístundastarfi allt frá fyrstu sporum í leikskóla.

Sjálfsefning felur í sér að öðlast trú á eigin getu, þekkja styrkleika sína og veikleika, geta sett sér markmið, fylgt þeim eftir og metið árangurinn. Sjálfsefning tengist sjálfræði, þrautseigju og sjálfsaga. Barn þroskast í umhverfi þar sem það tekur eigin ákvarðanir og axlar ábyrgð.

Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að takast á við mótlæti, taka sjálfstæðar ábyrgar ákvarðanir og lifa í sátt. Rannsóknir sýna að samskiptaþæfni tengist og spáir fyrir um sjálfstraust ungmenna, trú þeirra á eigin getu, líðan, námsárangur og vímuefnaneyslu. Það á að vera

forgangsríki í öllu skóla- og frístundastarfi að gera börnum og unglingum kleift að rækta hæfileika sína, sýna styrkleika sína og nýta áhugasvið sín til frekara náms og þroska.

Skilningur á samfélagi og umhverfi

Grundvallarhæfni: Læsi

Öll börn geti lesið sér til gagns og gamans og hafi náð nauðsynlegri leikni í öllum

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á virkan hátt með ritað mál; orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla (miðlalæsi). Góð læsisfærni er þannig lykill og forsenda að skilningi á nánasta umhverfi og samfélagi. Máluppeldið hefst við fæðingu. Talmálið er fyrsta og mikilvægasta undirstaða þess að skilja ritmálið, orðaforða þess og notkun við allar aðstæður. Miklu varðar að börn búi við

auðugt málumhverfi frá upphafi leikskólagöngu.

Örar samfélagsbreytingar og tækniþróun hafa breytt því umhverfi sem skapar börnum og ungmennum merkingu við lestur og ritun. Meginmarkmið læsis er að börn og ungmenni verði „virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á“ (Aðalnámskrá 2011).

Skapandi hugsun

Grundvallarhæfni: Skapandi hugsun

Öll börn sýni frumkvæði og skapandi hugsun í námi, starfi og leik

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á skapandi hugsun, frelsi og frumleika en líka á þekkingu, innsæi, frumkvæði, aðferð og leikni. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir okkur sjálf, næsta umhverfi eða samfélagið í víðari skilningi.

Í framtíðinni mun reyna enn meira á frjóa og skapandi hugsun til þess að bregðast við síbreytilegu samfélagi, tækni og umhverfi og því er áriðandi að virkja sköpunarkraft barna í gegnum frumkvöðlastarf og nýsköpunarverkefni.

Heilbrigður lífsstíll og vellíðan

Grundvallarhæfni: Heilbrigði

Öll börn hafi tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Undir heilbrigði falla m.a. lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu.

Æskilegast er að koma því til leiðar að börn og ungmenni standi sjálf vörð um eigið heilbrigði. Þetta er best gert með markvissu samstarfi heimilis, skóla, frístundamiðstöðva og samfélagsins alls, eins og reyndin hefur verið í tóbaks- og vímuvörnum.